

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 275/2022

2023/EES/31/48

frá 23. september 2022

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra
hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/16 frá 22. október 2021 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vínræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnslu- aðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vínræktarafurða, lágmarks- hlutfall alkóhóls í aukaafurðum og förgun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavinstofnunarinnar ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 8e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934) í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„– **32022 R 0016:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/16 frá 22. október 2021 (Stjútíð. ESB L 5, 10.1.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/16, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022 frá 23. september 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 5, 10.1.2022, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 106, 20.4.2023, bls. 81 og EES-viðbætur nr. 31, 22.9.2022, bls. 76, 20.4.2023.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður